

Kennslustjóri lesblindumála - hlutverk

- Kennslustjóri í 50% stöðu hefur yfirumsjón m/ lesblindumálum skólans.
- Kennslustjóri tekur við greiningum, er með einstaklingsviðtöl og aðstoðar lesblinda nemendur eftir þörfum er m.a. talsmaður þeirra innan skólans og sendir kennurum bréf með upplýsingum um námserfiðleika nemenda ef nemendur óska þess.
- Kennslustjóri boðar nýja lesblinda nemendur í viðtal og útskýrir fyrir þeim stuðningskerfið. Nýir nemendur þurfa að skila greiningum. Kennslustjóri geymir greiningar nemenda í læstum skáp.
- Kennslustjóri skráir nemendur á dyslexíulista sem sendur er öllum kennurum einnig sendir hann ný nöfn til áfangastjóra sem skráir nemendur á sérstakan lista í INNU. Einnig er skráð dyslexía við nemendur í athugasemdum í INNU.
- Kennslustjóri forgreinir einnig nemendur sem grunar að þeir séu með dyslexíu og ákveður í samráði við þá hvort ástæða sé til að fara í greiningu. Reynt er að bjóða upp á hópgreiningu einu sinni á hverri önn.
- Kennslustjóri veitir nemendur ráðgjöf sem til hans leita og leggur m.a. fyrir þá könnun til að finna út námsstíl þeirra (learning styles) og sýnir nemendum hvernig hægt er að gera hugarkort, leiðbeinir einnig við lestur námsbóka.
- Kennslustjóri fer yfir umsóknir um sérstöku úrræði á lokaprófum eins og lesin próf, stærra letur o.fl. Hann hefur yfirumsjón með að nemendur fái það sem þeir hafa beðið um og þörf er fyrir sendir m.a. kennurum og þeim sem sér um ljósritun prófa upplýsingar um þarfir nemenda. Ásamt netstjóra hefur kennslustjóri séð um að tölvur sé til reiðu fyrir nemendur með lesin próf eða próf tekin á tölvur.
- Á hverri önn eru á milli 170 – 180 lesblindir nemendur við nám í skólanum.

- Þarfir nemenda eru mismunandi en reynt er að styðja nemendur eftir bestu getu. Mikilvægt er að nemendur hafi sjálfir frumkvæði og leiti sér ráðgjafar og stuðnings.
- Kennslustjóri ræðir við foreldra nemenda sem þess óska um námsstuðning og námserfiðleika og annað er varðar nám nemandans. Foreldrar nemenda undir 18 ára geta farið fram á allar upplýsingar um nemandans en eftir 18 ára aldur þarf samþykki nemandans að liggja fyrir.